



**Aðalfundur 24. nóvember 2022**



## Dagskrá:

Skýrsla formanns um starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi

Skýrsla gjaldkera um fjárhagsstöðu félagsins, tekjur og gjöld

Ákvörðun um árgjald 2023

Kosning nýrrar stjórnar

Önnur mál

Fræðsluerindi

- Um arðsemi og umferðaröryggi jarðganga (Hjalti Jóhannesson)
- Áhrif jarðganga á tengingu svæða og byggðaðróun (Jón Þorvaldur Heiðarsson)
- Snowy 2.0 dæluvirkjunin í Ástralíu (Björn Stefánsson)
- Mtkvari virkjunin í Georgíu (Ægir Jóhannsson)



# *Skýrsla formanns.*

*Matthías Loftsson*



- Stjórnin hélt 3 fundi, Teams fjarfundi, á þessu ári eins og undanfarin ár. Á fundum rætt um starfsemi félagsins, tengsl við NVF og ITA og þátttöku í ráðstefnum og fundum. GRK hætti hjá Vegagerðinni í vor og sagði sig jafnframt úr stjórn JGFÍ. Stjórnarmenn voru því aðeins þrír frá því í vor.
- Starfsemi innan NVF hefur nánast í dvala þetta árið. Í jarðganganeftdinni eru þrír vinnuhópar þar sem við erum með skráða meðlimi. Engir fundir í vinnuhópum þetta árið. Síðasti fundur í september 2021 (betontunneler), en fundur boðaður 9. des í tunnelgrúpu „funktion og sikkerhed“
- ITA ráðstefna í Kaupmannahöfn 2. – 8. september. Þrír frá Íslandi fóru á ráðstefnuna (FP, JÖF, og HÖA). Næsta ráðstefna (ársþing) verður 12-18 maí árið 2023 í Aþenu í Grikklandi og svo verður 50. ársþing ITA haldið í Shenzen í Kína 2024.
- Samtals eru 15 fyrirtæki og stofnanir aðilar að Jarðgangafélaginu og greiða iðgjöld (Vegagerðin, Landsvirkjun, Mannvit, Geotek, Verkís, Efla, Hnit, Raftákn, Ístak, Suðurverk, ÍAV, Vaðlaheiðargöng ehf, Ismar, Stuðull, Akarakot).
- Staða reiknings er góð og því lagt til að halda félagsgjöldum óbreyttum á næsta ári. Jón mun gera nánar grein fyrir rekstrarreikningi hér á eftir.
- Heimasíðan og fésbókarsíðan hafa nýst vel til upplýsinga og fræðslu um jarðgangatengd efni. Heimsóknir á heimasíðuna hafa verið mismargar en að meðaltali verið um 100 á mánuði. Félagsmenn eru hvattir til að senda á stjórn erindi, blaðagreinar, tímaritsgreinar og annað sem þeir telja að geti verið upplýsandi fyrir aðra félagsmenn og aðra áhugamenn um jarðgöng. Minnt er á að eitt af hlutverkum JGFÍ er „að vera vettvangur fræðslu og upplýsingamiðlunar á öllum fagsviðum sem tengjast jarðgangagerð af öllu tagi.“ eins og segir í lögum félagsins.
- Skráðir félagar í JGFÍ eru nú 56, sem flestir eru starfsmenn fyrirtækja og stofnana sem greiða iðgjöld. Auk þeirra eru nokkrir sem fá send fundarboð.
- Engin gangagerð hérlendis og hefur ekki verið síðan okt 2020, sem er miður, en vonandi rætist úr því innan fárra ára. Haldið áfram með hönnunarvinnu og áætlanir í dag gera ráð fyrir að gróftur Fjarðarheiðarganga hefjist vorið 2024 og frárennslisganga Hvammsvirkjunar sama ár.



# *Skýrsla gjaldkera.*

*Jón Smári Úlfarsson*



# Jarðgangafélag Íslands-ársreikningur 2022

## (Des 2021-Nóv.2022)

<b>Staðan 31.12.2021</b>		<b>1.193.488</b>
<b>Árgjöld 2022 skv. samantekt</b>		300.725
<b>(Banki-þjónustugjald og þóknun)</b>	-	5.585
<b>(Útgreiðslur-ITA)</b>	-	73.245
<b>(Rekstur heimasíðu)</b>	-	100.000
<b>Staðan 23.11.2022</b>		<b>1.315.383</b>



## Ársreikningur 2022:

*Ársreikningur borinn upp til samþykktar.*

## Árgjald 2023:

*Tillaga stjórnar JGFÍ er að árgjald 2022 verði óbreytt frá því sem nú er*



# *Kosning stjórnar.*

*Matthías Loftsson*





## *Tillaga að nýrri stjórn*

*Freyr Pálsson (formaður)*

*Jón Smári Úlfarsson (gjaldkeri)*

*Guðmundur H. Gíslason*

*Atli Karl Ingimarsson*



*Önnur mál.*  
*Matthías Loftsson*



Norrænt málþing um bergtækni verður haldið hér á landi 24 - 26 maí 2023.  
Málþingið er haldið í samvinnu Jarðtæknifélagsins og Jarðgangafélags Íslands.  
<http://www.nrock2022.com/> .

Umræður ?



# *Fræðsluerindi*